

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Hvalfjarðarsveitar nr. 48/2009.

1. gr.

11. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði. Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og framkvæmdastjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá.

Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það framkvæmdastjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn, fyrir kl. 10.00 á föstudegi fyrir fundardag, sbr. 1. mgr. 7. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

12. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi þrem sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem framkvæmdastjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn.

Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

3. gr.

14. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund og fundargögn, sbr. 12. gr. verði send út samtímis.

4. gr.

Eftirtalдар breytingar verða á 23. gr. samþykktarinnar:

- a) Við 4. mgr. bætist: og er heimilt að gera stuttlega grein fyrir ástæðum þess.
- b) 5. mgr. verður svohljóðandi: Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.
- c) Við greinina bætist ný mgr. sem verður 7. mgr. svohljóðandi: Nánar er fjallað um hæfi sveitarstjórnarmanna í sveitarstjórnarlögum. Sveitarstjórn getur ákveðið að fjalla ýtarlegar um hæfi í síðareglum.

5. gr.

32. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða. Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k.

einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

6. gr.

Við samþykktina bætist ný grein sem verður 33. gr. og er svohljóðandi:

Sveitarstjórn skal efna til íbúafunda um málefni sem hún álitur mjög þýðingarmikil fyrir sveitarfélagið. Skytt er að efna til íbúafunda um mál ef 10% kosningarbærra manna óska þess. Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn. Á hverju ári skal haldinn íbúafundur um gerð fjárhagsáætlunar.

7. gr.

Við samþykktina bætist ný grein sem verður 34. gr. og er svohljóðandi:

Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélaginu eða hluta þess til þess að kanna vilja kosningarbærra íbúa um tiltekið málefni. Rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslu eiga þeir sem kosningarétt eiga í sveitarfélaginu samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ekki bindandi um afgreiðslu málsins fyrir sveitarstjórn nema hún hafi fyrirfram ákveðið að svo skuli vera.

Ef 20% eða fleiri af þeim sem kosningarétt eiga í sveitarfélaginu krefjast atkvæðagreiðslu um ákvörðun sveitarstjórnar ber sveitarstjórn að verða við þeirri kröfu. Sveitarstjórn skal setja nánari verklags- og málsmeðferðarreglur sem kveða nánar á um hvaða ákvarðanir eru tækar til atkvæðagreiðslu og hvernig að þeim skuli staðið.

8. gr.

33. gr. samþykktarinnar verður 35. gr.

9. gr.

36. gr. samþykktarinnar, áður 34. gr., verður svohljóðandi:

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins sem og annarra almannahagsmuna.

Sveitarstjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

10. gr.

Greinar 35 til og með 40 fá ný númer í samræmi við breytingar í 6., 7., 8. og 9. gr. samþykktar þessarar.

11. gr.

41. gr. samþykktarinnar fellur brott.

12. gr.

Við samþykktina bætist ný grein sem verður 43. gr., svohljóðandi:

Sveitarstjórn er heimilt að setja sér og öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins siðareglur.

Markmiðið með siðareglum skal vera að gefa greinargott yfirlit og leiðbeina kjörnum fulltrúum um skyldur sínar og góða starfshætti. Siðareglurnar skulu byggja á ákvæðum samþykktar þessarar, sveitarstjórnarlögum og stjórnsýslulögum eftir því sem við á, ásamt góðum starfsháttum. Öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn, nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar ber að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur. Siðareglur skulu einnig innihalda leiðbeiningar um það hvernig skuli bregðast við þegar siðferðileg álitamál koma upp í starfi.

13. gr.

Greinar 42 til og með 52 fá ný númer í samræmi við ákvæði 11. og 12. gr. samþykktar þessarar.

14. gr.

53. gr. samþykktarinnar sem var 51. gr. verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Vatnsveitufélag Hvalfjarðar sf.:* Kosið er í stjórn félagsins í samræmi við ákvæði sameignarfélagssamnings.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Menningar- og atvinnuþróunarnefnd:* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin sinnir menningarmálum og gerir tillögur að stefnumótun sveitarfélagsins í menningarmálum. Nefndin fer með málefni tengd menningar- og listviðburðum, bókasöfnum sveitarfélagsins, skv. lögum um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 og skv. samningum við samstarfssveitarfélög. Nefndin fjallar einnig um atvinnumál og er ráðgefandi fyrir sveitarstjórn varðandi nýsköpun, þróun og uppbyggingu í atvinnumálum. Nefndin fjallar auk þess um kynningar- og upplýsingamál sveitarfélagsins.
2. *Fjölskyldunefnd:* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með félagsmál skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, húsnæðismál skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, jafnréttismál skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, málefni aldraðra skv. lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, félagsstarf aldraðra skv. samningum við samstarfssveitarfélög og fer með málefni varðandi daggæslu í heimahúsum, auk málefna fatlaðra.
3. *Fræðslu- og skólanefnd:* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með hlutverk leikskólanefndar samkvæmt ákvæðum laga um leikskóla nr. 90/2008, skólanefndar skv. grunnskólalögum nr. 91/2008, auk þess að fara með málefni varðandi tónlistarfræðslu og kemur fram fyrir hönd sveitarfélagsins varðandi samning sveitarfélagsins og Akraneskaupstaðar um rekstur Tónlistarskóla Akraness. Nefndin fer með málefni Fjölbrautaskóla Vesturlands. Þá fer nefndin með önnur mennta- og fræðslumál, svo sem samstarf við aðrar menntastofnanir, fullorðinsfræðslu, símenntun o.fl. Nefndin fer með æskulýðs-, tómstunda- og íþróttamál og fer með ýmis málefni á sviði félags- og íþróttamála skv. samningum við samstarfssveitarfélög. Þá skal nefndin vera sveitarstjórn ráðgefandi um stefnumótun varðandi vinnuskóla fyrir unglinga í sveitarfélaginu.
4. *Kjörstjórn við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar:* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
5. *Landbúnaðarnefnd:* Þrír menn og jafnmargir til vara. Hefur umsjón með búfjárhaldi, forðagæslu og sauðfjárveikivörnum, sbr. lög um búfjárhald nr. 103/2002. Nefndin fer með mál sem falla undir gildandi fjallskilasamþykkt. Jafnframt fjallar nefndin um málefni tengd kvikfjárrækt og akuryrkju. Nefndin er sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi refa- og minkaeyðingu í sveitarfélaginu.
6. *Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd:* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin gegnir hlutverki náttúruverndarnefndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og er ráðgefandi til sveitarstjórnar varðandi framkvæmd Staðardagskrár 21. Nefndin fer með almenn atriði sem falla utan sviðs heilbrigðisnefndar skv. heimild í V. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, og er sveitarstjórn til ráðgjafar um fráveitu- og sorphirðumál skv.

samningum auk þess að annast málefni varðandi vatnsveitur sveitarfélagsins. Nefndin fer einnig með lögbundið hlutverk skipulagsnefndar og byggingarnefndar skv. skipulagslögum og lögum um mannvirki. Þá skal nefndin annast málefni umferðarnefndar skv. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og annast samgöngumál í umboði sveitarstjórnar.

7. *Skoðunarmenn*: Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

C. **Til fjögurra ára.**

Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kýs sveitarstjórn fulltrúa sveitarfélagsins í eftirtaldar samstarfsnefndir:

1. *Almannavarnanefnd*: Einn aðalmaður og einn til vara skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.
2. *Barnaverndarnefnd*: Einn fulltrúi og einn til vara í sameiginlega barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala samkvæmt samningi við samstarfssveitarfélög og skv. 10. og 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þessi fulltrúi skal jafnframt vera fulltrúi í fjölskyldunefnd.
3. *Dvalarheimilið Höfði*: Einn fulltrúi og annar til vara í stjórn Dvalarheimilisins Höfða skv. samningi við samstarfssveitarfélög.
4. *Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands*: Einn fulltrúi í fulltrúaráð, skv. lögum nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
5. *Faxaflóahafnir sf.*: Einn aðalmaður og annar til vara í stjórn Faxaflóahafna sf. skv. ákvæðum félagssamnings og skv. hafnalögum nr. 61/2003.
6. *Spölnur ehf.*: Einn fulltrúi tilnefndur í stjórn Spalar ehf. eftir umboði og skv. félagssamþykktum.
7. *Byggðasafnið í Görðum/stjórn Akranesstofu*: Vegna málefna Byggðasafnsins í Görðum: Einn fulltrúi og annar til vara í stjórn Byggðasafnsins í Görðum, skv. samningum.
8. *Heilbrigðisnefnd*: Einn fulltrúi og annar til vara í sameiginlega heilbrigðisnefnd Vesturlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
9. *Hitaveitufélag Hvalfjarðar sf.*: Einn fulltrúi í stjórn og annar til vara, samkvæmt samþykktum félagsins.

15. gr.

Í stað „samgönguráðuneytinu“ í 63. gr. og í 2. mgr. 62. gr. kemur: innanríkisráðuneytinu.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 15. september 2011.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.